

Ráðhús Hafnarfjarðar  
v.t. Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 5. ágúst 2021

**Efni:** Beiðni um sameiningu lóða að Fjarðargötu 13-15 og Strandgötu 26-30, 220 Hafnarfirði.

**Aðili:** 220 Fjörður ehf., kt. 620615-1290, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður


Fyrir hönd einkahlutafélagsins 220 Fjarðar ehf., kt. 620615-1290 (hér eftir „220 Fjörður ehf.“), sendir undirritaður erindi þetta til Bæjarráðs Hafnarfjarðar og óskar eftir því að það verði tekið til skoðunar á fundi Bæjarráðs og afgreitt þar.

220 Fjörður ehf. er eigandi húsnæðis að Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirðim þar sem verslunarmiðstöðin Fjörður er til húsa í dag. Líkt og Bæjarráð Hafnarfjarðar er kunnugt um eru fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðum að Fjarðargötu 13-15 og Strandgötu 26-30. Samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum er gert ráð fyrir því að byggingarnar sem þar munu rísa komi til með að tengjast í kjallara, á 1. hæð og á 2. hæð. Í ljósi þess telur 220 Fjörður að réttast væri að sameina lóðirnar að Fjarðargötu 13-15 og Strandgötu 26-30 enda munu fasteignirnar sem þar verða byggðar teygja sig yfir lóðirnar tvær. Rætt hefur verið við Þormóð Sveinsson skipulagsfulltrúa og telur hann að það sé nauðsynlegt að sameina lóðirnar af fjölmörgum ástæðum. Samkvæmt meðfylgjandi teikningu er lóð að Fjarðargötu 13-15, með landnúmeri 120441, 3.951,5 m<sup>2</sup> að stærð og Strandgata 26-30, með landnúmeri 122408, 1.881,4 m<sup>2</sup> að stærð. Við sameiningu lóðanna verður til ein lóð að stærð 5.832,9 m<sup>2</sup> með nýtingahlutfalli 3,12 og hámarksbyggingarmagni 18.209,4 m<sup>2</sup>.

Með von um skjóta afgreiðslu.

Virðingarfyllst,


**F.h 220 Fjarðar ehf.**



Guðmundur Bjarni Harðarson,  
Framkvæmdastjóri 220 Fjarðar ehf.



# SAMEINING LÓÐANNA FJARÐARGÖTU 13-15 OG STRANDGÖTU 26-30




NÚVERANDI LÓÐAMÖRK STRANDGÖTU 26-30 & FJARÐARGÖTU 13-15 Mkv. 1:1000

Fjarðargata 13 - 15  
L120441  
STGR. 1400-1-23000130

Lóð : 3.951,5 m<sup>2</sup>  
Nt.hl.: 2,9  
Hámarksbyggingarmagn: 11.459,4 m<sup>2</sup>

Strandgata 26 - 30  
L122408  
STGR. 1400-1-84000300

Lóð : 1.881,4 m<sup>2</sup>  
Nt.hl.: 3,58  
Hámarksbyggingarmagn: 6,750 m<sup>2</sup>



TILLAGA AD SAMEININGU STRANDGÖTU 26-30 & FJARÐARGÖTU 13-15 Mkv. 1:1000

Fjarðargata 13 - 15 / Strandgata 26 - 30  
L120441 / L122408  
STGR. 1400-1-23000130 / 1400-1-84000300

Lóð : 5.832,9 m<sup>2</sup>  
Nt.hl.: 3,12  
Hámarksbyggingarmagn: 18.209,4 m<sup>2</sup>



ASK ARKITEKTAR EHF  
GERÐSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319  
www.ask.is

VERNEFNI  
STRANDGATA 26-30 & FJARÐARGATA 13-15  
HAFNARFIRDI

TÖÐUGO TERNINGAR  
LÓÐAUPPDRÁTTUR  
HÉTTI/TERNAHA  
Sameining lóða

MKV. 1:2	AK
MKV. 1:1000	AK
TERNAHA	AK
TERNAHA	AK
STGR.	PG
DAGSETNING	27.07.2021
UNDIR	
VERNA	1570
ALICOM - HAFNA TERNINGAR	05-00
UNDIR	A